

Matvælaráðuneytið
Bt. Svandísar Svavarsdóttur, matvælaráðherra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

17. janúar 2024

Efni: Sameiginleg umsögn stéttarfélaga og samtaka sjávarútvegsfyrirtækja um drög að frumvarpi til laga um sjávarútveg

Fyrir skemmstu kynnti matvælaráðherra drög að nýjum heildarlögum um sjávarútveg til samráðs. Drögin eru sögð afrakstur umfangsmikillar vinnu undir heitinu *Auðlindin okkar*.

Í aðdraganda birtingar þessara frumvarpsdraga höfðu undirritaðir aðilar, með sameiginlegri bókun, gagnrýnt ýmislegt er tengdist vinnu við *Auðlindina okkar*, og þá sér í lagi skort á samráði við þá aðila sem best til þekkja í sjávarútvegi.

Til viðbótar við sjálfstæðar umsagnir undirritaðra aðila, hvar gagnrýni á frumvarpsdrögin eru að sönnu margvísleg, þá telja þeir jafnframt rétt að áréttta sérstaklega eftirgreint varðandi frumvarpsdrögin og þær tillögur til breytinga sem þar má finna:

- Almennt má segja að þrátt fyrir að frumvarpsdrögin geri ráð fyrir margháttuðum breytingum á stjórn fiskveiða þá er erfitt að átta sig á meginmarkmiðum frumvarpsdraganna og þörf fyrir breytingar sem lagðar eru til.
- Vegið er verulega að atvinnufrelsi og fyrirsjáanleika fiskveiða með því að innleiða, án sýnilegrar nauðsynjar, ýmis konar ákvæði tengd umhverfisrétti. Fiskveiðar Íslendinga og öll löggjöf þeim tengd er í fullu samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og almenn lög hér á landi er varða umhverfisvernd.
- Enn er verið að hræra í 5,3% pottinum, með tilheyrandi óvissu fyrir mörg fyrirtæki, starfsmenn þeirra og byggðarlög.
- Lagðar eru til verulega auknar pólitískar valdheimildir ráðherra, með umfangsmiklum og óljósum reglugerðarheimildum, án þess að færð séu rök fyrir að það fyrirkomulag sé betra en skýrar og gagnsæjar reglur frá löggjafarvaldinu.
- Lagt er til verulega breytt fyrirkomulag gjaldtöku af nýtingu sjávarauðlindarinnar, sem eykur ógagnsæi og ýtir undir óréttlæti og mismunun. Ekkert mat hefur farið fram á áhrifum boðaðrar gjaldtöku, þ.m.t. á störf í sjávarútvegi og samkeppnishæfni.
- Vegið er að rekstrargrundvelli sjávarútvegs. Það mun leiða til þess að gengi krónunnar verður veikara en ella og lífskjör lakari.
- Staða þeirra sem hafa aðalstarf sitt af fiskveiðum og fiskvinnslu verður til muna lakari.
- Draga mun verulega úr nauðsynlegri fjárfestingu í nýsköpun og nýrri tækni, sem er forsenda þess að minnka kolefnisfótspor atvinnugreinarinnar og auka enn frekar verðmætasköpun frá sjávarútvegi.

Undirritaðir aðilar telja mikilvægt að vandað sé til allra breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu. Að virtum athugasemdum, bæði sameiginlegum og sjálfstæðum, er ekki unnt að mæla með því að það skjal sem hér er til samráðs verði lagt fyrir Alþingi sem frumvarp til þinglegrar meðferðar.

Virðingarfyllst,

Árni Sverrisson, Félag skipstjórnarmanna

Ólafur Helgi Marteinsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Valmundur Valmundsson, Sjómannasamband Íslands

Vilhjálmur Birgisson, Starfsgreinasamband Íslands

Örvar Marteinsson, Samtök smærri útgerða